

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Skútustaðahrepps í Þingeyjarsveit vegna efnistöku í Garði.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. október 2022 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem samþykkt var í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 14. september 2022.

Í breytingunni felast áform um efnisnám í landi Garðs vegna fyrirhugaðrar lagningar göngu- og hjólastígs umhverfis Mývatn, ný landnotkun 383-E mun ná yfir hluta athafnasvæðis 373-A og landbúnaðarsvæðis auk núverandi ómerkts efnistökusvæðis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 27. október 2022.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2022